

**Nð.**

**175. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.

Frá öðrum minni hluta allsherjarnefndar.

Jeg get ekki talið hentugt að hafa kosningar um háannatíma landsmanna. Hinsvegar geta veður bagað 1. vetrardag, enda kosningar áður ákveðnar í september.

Bændur eiga örðugast með að sækja kjörfundi, og þar sem einyrkjabúskapur verður almennari með ári hverju, eiga þeir margir ekki heiman-gengt virka daga. Mundi því rjettast að hafa kosningar á sunnudegi. Samkvæmt þessu ber jeg fram svofelda

**BREYTINGARTILLÖGU:**

Við 1. gr. Í stað orðanna »hinn 1 júlí — á undan« komi: hinn 3. sunnudag í septembermánuði.

Alþingi, 21. mars 1929.

Magnús Torfason.